

Sp.

445. Beiðni um skýrslu

frá forsætisráðherra um framkvæmd jöfnunar á starfsskilyrðum atvinnuveganna.

Frá Friðrik Sophussyni, Lárusi Jónssyni, Ólafi G. Einarssyni, Tryggva Gunnarssyni, Eyjólfí Konráð Jónssyni, Salome Þorkeldsdóttur, Birgi Ísl. Gunnarssyni, Steinþóri Gestssyni, Jósef H. Þorgeirssyni og Geir Hallgrímssyni.

Með vísan til 31. gr. laga um þingsköp Alþingis óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því, að forsætisráðherra flytji Alþingi skýrslu um **framkvæmd jöfnunar á starfsskilyrðum atvinnuveganna**.

Alþingi, 11. mars 1982.

Friðrik Sophusson,
Tryggvi Gunnarsson,
Birgir Ísl. Gunnarsson,
Geir Hallgrímsson.

Lárus Jónsson,
Ey. Kon. Jónsson,
Steinþór Gestsson,

Ólafur G. Einarsson,
Salome Þorkeldsdóttir,
Jósef H. Þorgeirsson,

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.

Greinargerð.

Í janúar á þessu ári skilaði nefnd, sem skipuð var af forsætisráðherra til að bera saman starfsskilyrði iðnaðar, sjávarútvegs og landbúnaðar, skýrslu sinni og hefur hún verið gefin út til opinberra nota. Í niðurstöðum nefndarinnar, sem hún stendur einróma að, er bent á að umtalsverð mismunun eigi sér stað.

Í skipunarbréfi forsætisráðherra var nefndinni falið: „að gera samanburðarathugun á starfsskilyrðum iðnaðar, sjávarútvegs og landbúnaðar með tilliti til samkeppnisaðstöðu í útflutningi og á heimamarkaði. Verði að því stefnt að skapa atvinnuvegunum sambærilega aðstöðu, m. a. með tilliti til mismunandi álagningar opinberra gjalda, sem leiðir til óhagstæðrar gengisskráningar fyrir einstaka atvinnuvegi. Jafnframt verði gerð athugun á lækkun á sölugjöldum af fjárfestingarvörum og hjálpartækjum með tilliti til jöfnunar á samkeppnisaðstöðu og aukinnar framleiðni, svo og á breytingu á stimpilgjöldum.“

Í lok I. kafla skýrslunnar um skipun nefndarinnar og afmörkun efnis segir: „Beindist samanburðarathugun nefndarinnar að fjórum meginsviðum, þ. e. verðmyndunar- og gengismálum, tekjuöflun hins opinbera, opinberum framlögum og að lokum aðgangi að fjármagni og kjörum þess. Setti nefndin sér eftirfarandi meginreglur við þann samanburð:

1. Könnuð er fjárhagsleg mismunun.
2. Almennar reglur, sem gilda gagnvart öllum atvinnugreinunum þremur, eru ekki taldar fela í sér mismunun, þó svo áhrif þeirra séu mismikil fyrir greinarnar.
3. Einkum hefur verið athuguð mismunun milli greina, en yfirleitt ekki litið til mismununar innan sömu greinar.
4. Fyrst og fremst hefur verið lögð áhersla á þau atriði sem ætla má að feli í sér meiri háttar mismunun.
5. Könnunin miðast við atriði sem stjórnvöld geta einhverju um ráðið.

Í stuttu máli má segja, að nefndin hafi kosið að líta á meiri háttar fjárhagslega mismunun milli landbúnaðar, sjávarútvegs og iðnaðar sem felst í sértækum ákvæðum og stjórnvöld geta einhverju um ráðið. Niðurstöður nefndarinnar um mismunun í starfsskilyrðum verða hins vegar ekki rétt metnar, nema litið sé til allra meginsviða starfsskilyrða í senn.“

Þegar ríkisstjórnin efndi til efnahagsráðstafana um áramótin 1980—81 var gefin út sérstök efnahagsáætlun. Í 13. tölulið hennar segir: „Hraðað verði samanburði á starfsskilyrðum höfuðatvinnuveganna og þau samræmd. Tryggt verði, að starfsskilyrði iðnaðarins verði ekki lakari en annarra atvinnuvega.“

S. I. haust skipaði ríkisstjórnin svo embættismannanefnd undir forustu Þórðar Friðjónssonar hagfræðings til að vinna að frekari framkvæmd málsins.

Af því, sem að framan er greint, virðist það hafa verið augljós ásetningur ríkisstjórnarinnar að jafna starfsskilyrði atvinnuvega. Nauðsynlegar upplýsingar virðast liggja fyrir. Því er þess beiðst, að forsætisráðherra flytji Alþingi skýrslu um framkvæmd jöfnunar á starfsskilyrðum atvinnuveganna, þar sem tíundaðar verði þær aðgerðir sem stjórnin hefur nú þegar efnt til og ætlar sér að efna til á næstunni í þessu skyni.